

FUNDARGERÐ

Hluthafafundar Símans hf. miðvikudaginn 26. október 2022, kl. 16:00

Haldinn á Nauthól við Nauthólsvík

Dagskrá

1. Tillaga um lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa og breytingu á samþykktum félagsins.
2. Önnur mál.

Formaður stjórnar, Jón Sigurðsson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga hans var að Guðbjörg H. Hjartardóttir, yrði skipuð fundarstjóri og bárust ekki athugasemdir við þá tillögu. Fól stjórnarformaður fundarstjóra stjórn fundarins. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Óskar Hauksson yrði kjörin fundarritari, og ekki bárust athugasemdir við þá tilhögun.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Til fundarins var boðað með Kauphallartilkynningu þann 3. október s.l. auk auglýsingar á heimasíðu Símans þann sama dag. Boðun er innan tilsettra tímafresta skv. grein 10.2 í samþykktum félagsins. Fundarstjóri úrskurðaði í kjölfarið fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans voru. Mætt var á fundinn fyrir um 73% af virku hlutafé.

Á fundinn mættu stjórnarmenn félagsins. Þá voru forstjóri og framkvæmdastjórn félagsins viðstödd fundinn.

Gengið var til dagskrár:

1. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa og breytingu á samþykktum félagsins

Stjórn Símans hf. leggur fram eftirfarandi tillögu til afgreiðslu um lækkun á hlutafé félagsins og greiðslu til hluthafa.

„Hluthafafundur Símans hf., haldinn 26. október 2022 samþykkir að lækka hlutafé félagsins úr kr. 7.300.000.000 í kr. 4.400.000.000, með greiðslu til hluthafa að fjárhæð kr. 31.500.000.000. Lækkun hlutafjár fer fram á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Nafnverð hlutafjár lækkar um kr. 2.900.000.000 en lækkunarfjárhæð sú sem umfram er verður færð til lækkunar af öðrum eiginfjárreikningum. Verði tillagan samþykkt mun kauphöll verða tilkynnt með sérstakri tilkynningu um framkvæmd lækkunar hlutafjár, þar með talið um viðmiðunardagsetningar varðandi réttindadag, réttindaleysisdag og áætlaðan greiðsludag. Greiðsla verður innt af hendi eins fljótt og unnt er eftir að lögboðnum fyrirvörum hefur verið fullnægt.“

Hljóti tillagan samþykki hluthafafundar verður fjárhæð í samþykktum félagsins breytt til samræmis, þannig að grein 4.1 í samþykktum félagsins orðist eftirleiðis svo:

„Hlutafé félagsins er kr. 4.400.000.000, - fjórir milljarðar og fjögur hundruð milljónir króna“

Forstjóri félagsins rakti forsögu tillögunnar, einkum sölu félagsins á eignarhlut sínum í Mílu ehf. Formaður stjórnar fór nánar yfir tillöguna.

Var tillagan því næst borin undir atkvæði og samþykkt með tilskildum fjölda atkvæða.

2. Önnur mál.

Ekki voru fleiri mál á dagskrá fundarins.

Fundarmönnum var boðið að hlýða á upplestur fundargerðar. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 16:30.

Guðbjörg H. Hjartardóttir
Fundarstjóri

Óskar Hauksson
Fundarritari

Undirritunarsíða

Óskar Hauksson

Guðbjörg Helga Hjartardóttir